

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
Stofnað 28. apríl 1945



Pinggerð
49. þings ÍBH

Haldið laugardaginn 25. apríl 2015
í félagssal Sundfélags Hafnarfjarðar í
Ásvallalaug

Dagskrá þingsins var samkvæmt 11. grein laga ÍBH.

1. Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH setti þingið og er ávarp hans að finna fremst í skýrslu stjórnar ÍBH.
Hrafnkell fór yfir starfsemi bandalagsins frá síðasta þingi. Í máli hans kom m.a. fram að ÍBH væri 4. stærsta íþróttahéraðið ef litið er á fjölda iðkenda, HSK í 3. sæti, UMSK í öðru og þá ÍBR stærst. Eitt nýtt félag hefur verið stofnað frá síðasta þingi, Lyftingafélag Hafnarfjarðar sem var stofnað 9. júlí 2014. Framkvæmdum á vegum Hafnarfjarðarbæjar hefur fækkað og á það einnig við um íþróttamannvirki í Hafnarfirði þó hefur frjálsíþróttahús verið klárað í Kaplakrika og viðhaldsframkvæmdum sinnt á öðrum íþróttamannvirkjum á vegum bæjaryfirvalda eftir efnun og aðstæðum. Mikilvægt er að huga að því að íþróttamannvirkin og aðstaðan þurfi að vera örugg og boðleg. Hafnarfjarðarbær vinnur nú að gerð nýrra eignaskiptasamninga við aðildarfélögin. Stuðningur Hafnarfjarðarbæjar við innra starf íþróttafélaganna hefur verið lítill og þarf aukningar við. Íþróttafélög bæjarins þurfa einnig að vinna betur saman sem ein heild í þeirri vinnu svo íþróttastarfið í bænum haldi áfram að vera öflugt og uppbyggilegt fyrir samfélagið í bænum. Mikilvægt er fyrir alla að vinna af heilindum að íþróttamálum og gæta að heildinni við ákvarðanatöku um leið og tekið er tillit til sérhagsmuna einstakra félaga og íþróttagreina.
2. Stungið var upp á Jóni A. Marinóssyni sem þingforseta og Hafsteini Þórðarsyni til vara. Einnig var stungið upp á Guðmundi Haraldssyni sem þingritara og Ragnheiði Ólafsdóttur til vara og voru þau öll kosin með lófaklappi. Jón A. Marinósson þakkaði traustið sem honum var sýnt og tók síðan við stjórn þingsins.
3. Tillaga lögð fram um þriggja manna kjörbréfanefnd. Ferdinand Hansen formaður, Sigurjón Andersen og Þórunn Ansnes, voru þau öll kosin með lófaklappi. Í framhaldi af því tók kjörbréfanefndin til starfa.
4. Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH flutti skýrslu stjórnar fyrir árin 2013 og 2014. Skýrslan er yfirgripsmikill og lýsandi fyrir hið mikla starf sem unnið er innan bandalagsins og er hér með vísað til hennar.
Reikningar ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH fyrir árin 2013 og 2014 flutti Bergsteinn Hjörleifsson gjaldkeri ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH. Fór hann yfir helstu tölur, fyrst reikninga Afreksmannasjóðs ÍBH og síðan reikninga ÍBH og er hér með vísað til reikninga sjóðsins sem voru birtir með skýrslu stjórnar.
5. Ávörp gesta. Fyrstur á mælendaskrá var Haraldur Líndal Haraldsson bæjarstjórinn í Hafnarfirði. Hann byrjaði á því að hrósa þingfulltrúum fyrir þeirra störf á þinginu og þakka fyrir þá miklu sjálfboðavinnu sem félögin skila inn í samfélagið í Hafnarfirði. Í máli hans kom m.a. fram að nauðsynlegt væri að greina og skoða framlögin til félaganna, en þó ekki til að lækka þau. Ennfremur gat hann þess að Hafnarfjarðarbær komi ekki vel út í sambandi við framlög til íþróttafélaga í samanburði við nágrannabæjarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Á næstu vikum verði stefnt að því að ræða samninga varðandi rekstur íþróttamannvirkja, rekstrarframlög og styrki til íþróttahreyfingarinnar. Fjárhagsstaða bæjarins er erfið og fjármunir of litlir og því væri nauðsynlegt að nýta vel þá fjármuni sem eru til skiptana. Einnig er nauðsynlegt að greina vandamál og viðurkenna þau. Félagin eru að gera vel þó þröngt sé í búi um

þessar mundir. Haraldur þakkaði fyrir gott og ánægjulegt samstarf og óskaði bandalaginu velfarnaðar í framtíðinni.

Næst á mælendaskrá var Sigríður Jónsdóttir í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Hún minntist Ólafs Rafnssonar og bað fundargesti að rísa úr sætum. Í máli sínu ræddi Sigríður m.a. barna- og unglíngastarf íþróttahreyfingarinnar, að hennar mati eru gerðar miklar kröfur til íþróttahreyfingarinnar og tiltók hún í því sambandi Jafnréttisstofu Reykjavíkur sem gerir nær óraunhæfar kröfur í nafni jafnréttis. Sigríður benti enn fremur á heimasíðu ÍSÍ en þar eru ýmiskonar fræðsluefni, bæklingar og myndefni sem vert er að líta á. Sigríður bað fundargesti um að standa vörð um Íslenska getspá og Getraunir sem er ein af aðaltekjulindum íþróttahreyfingarinnar. Sigríður varaði jafnframt við ólöglegri getraunastarfsemi sem teygir anga sína víða. Sigríður þakkaði Jóni Gesti Viggóssyni fyrir samstarfið í stjórn ÍSÍ. Sigríði minntist einnig á Smáþjóðaleikana sem verða haldnir hér á landi í sumar og að mikill undirbúningur sé framundan í sambandi við þá. Að lokum færði hún Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar góðar kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Síðastur á mælendaskrá var Hörður Oddfríðarson formaður Sundsambands Íslands, hann þakkaði gott boð og lánið á Hrafnkeli sem stjórnað hefur undirbúningi á sundhluta Smáþjóðaleikanna og hefur unnið þar virkilega gott starf. Hörður lítur til ÍBH sem fyrirmyndar bandalag og afar mikilvægu í íþróttasamfélaginu. Að lokum þakkaði Hörður Hafnarfjarðarbæ og íþróttafélögunum fyrir mikla og stórhuga uppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum á undanförunum áratugum.

Framhald af fjórða lið. Umræða og afgreiðsla um ársskýrslur og ársreikninga. Jón Þingforseti bar upp ársskýrslurnar og ársreikningana til samþykktar og gaf orðið laust. Anna Lilja Sigurðardóttir fulltrúi Badmintonfélags Hafnarfjarðar kvaddi sér hljóðs undir þessum lið og lýsti samskiptum BH og ÍBH vegna tímaúthlutunar í Íþróttahúsinu Strandgötu og víðar. Málið er á borði bandalagsins og verður útkljáð á þeim vettvangi. Kom reyndar fram hjá Önnu Lilju að BH hafi kært málið til Íþróttadómstóls ÍSÍ.

Víðar Halldórsson fulltrúi Fimleikafélags Hafnarfjarðar bað um orðið. Hann þakkaði stjórn bandalagsins fyrir gott samstarf og nefndi sérstaklega til sögunnar Magnús Gunnarsson fulltrúa Hauka og bæjarstjórnann í Hafnarfirði Harald Línal Haraldsson. Varðandi BH málið þá er kæra BH til ÍSÍ íþróttamálum í Hafnarfirði ekki til framdráttar að mati Víðars. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs undir þessum lið. Ársreikningar og ársskýrslur voru síðan samþykktar með lófataki.

6. Formaður kjörbréfanefndar Ferdinand Hansen fór yfir starf nefndarinnar og tilkynnti að 61 fulltrúar aðildarfélaganna væru mættir til þingsins.
7. Kosnar 3 fastanefndir. **Fjárhagsnefnd:** Formaður Bergsteinn Hjörleifsson, Magnús Gunnarsson, Elsa Hrönn Reynisdóttir, Ingvar Kristinsson og Kristín Pétursdóttir. **Allsherjarnefnd:** Formaður Kristbjörn Óli Guðmundsson, Samúel Guðmundsson, Víðar Halldórsson, Ingólfur Arnarson, Anders Már Þráinsson og Haukur J. Eiríksson. **Íþróttanefnd:** Formaður Sigurður Haraldsson, Stefán Kristófersson, Arnar Atlason, Ragnar Hilmarsson og Emil Barja.

8. Tillögur og mál sem voru lagðar fyrir 49. þing ÍBH.
Viðbótartillaga var borin upp á þinginu frá Badmintonfélagi Hafnarfjarðar og fór fram atkvæðagreiðsla um það hvort það mætti leggja tillöguna fyrir þingið. Þingið samþykkti að taka tillöguna fyrir og var hún merkt númer 19.

Þingskjal nr.	Tillaga	Flutningsaðili	Vísað til (nafn nefndar)
1.	Skýrsla stjórnar ÍBH	Framkvæmdastjórn ÍBH	
2.	Reikningar ÍBH	Framkvæmdastjórn ÍBH	
3.	Tillaga SÍH um forgangsröðun	Skotiþróttafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
4.	Tillaga Fimleikafélagið Björk um forgangsröðun	Fimleikafélagið Björk	Allsherjarnefndar
5.	Ályktun um þakkir til stuðningsaðila íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði	Framkvæmdastjórn ÍBH	Allsherjarnefndar
6.	Tillaga Hestamannafélagsins Sörli um forgangsröðun	Hestamannafélagið Sörli	Allsherjarnefndar
7.	Tillaga FH um forgangsröðun	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
8.	Tillaga DÍH um forgangsröðun	Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
9.	Tillaga Knattspyrnufélagsins Hauka um forgangsröðun	Knattspyrnufélagið Haukar	Allsherjarnefndar
10.	Tillaga um endurnýjun áhalda og viðhald	Sundfélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
11.	Tillaga Keilis um forgangsröðun	Golfklúbburinn Keilir	Allsherjarnefndar
12.	Tillaga um fræðsluráð ÍBH	Framkvæmdastjórn ÍBH	Íþróttanefndar
13.	Tillaga um afreksráð ÍBH	Framkvæmdastjórn ÍBH	Íþróttanefndar
14.	Tillaga um samstarf íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði við fræðsluyfirvöld	Framkvæmdastjórn ÍBH	Íþróttanefndar
15.	Tillaga Fimleikafélagið Björk um rekstur íþróttamannvirkja	Fimleikafélagið Björk	Fjárhagsnefndar
16.	Tillaga um að endurskoða og hækka rekstrar- og styrktarsamninga ÍBH og aðildarféлага ÍBH	Framkvæmdastjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
17.	Tillaga um fjáröflunarnefnd ÍBH	Framkvæmdastjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar

18.	Tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH	Framkvæmdastjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
19.	Tillaga BH um rekstur og forgangsroðun	Badmintonfélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar

Samþykkt var að tillögurnar færu til umfjöllunar í nefndir í samræmi við upptalningu og tillögu forseta.

Þinglé var gert kl. 12.30. Í því var sýnt kynningarmyndefni um Smáþjóðaleikana 2015 á Íslandi og boðið upp á súpu og brauð.

9. Álit nefnda og umræður, tillögur samþykktar eins og þær koma fram hér á eftir.

Samþykktar tillögur á 49. þingi ÍBH

Þingskal nr. 15

- **Tillaga um rekstur íþróttamannvirkja**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að ganga til samning við fimleikafélagið Björk um rekstur íþróttamiðstöðvar Björk við Haukakraun.

Greinargerð:

FH og Haukar hafa með sérstökum samningi við Hafnarfjarðarbæ séð um rekstur allra íþróttamannvirkja á sínum félagssvæðum. Það er ljóst á rekstrartölum frá Hafnarfjarðarbæ að sá rekstur er bænum mjög hagstæður. Fimleikafélagið Björk sér fram á að geta náð svipuðum árangri með sameiginlegum rekstri á félaginu og þeirri aðstöðu sem hýsir félagið.

Þingskjal nr. 16

- **Tillaga um að endurskoða og hækka rekstrar- og styrktarsamninga ÍBH og aðildarfélaga ÍBH**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug hvetur Hafnarfjarðarbæ til að endurskoða og hækka rekstrar- og styrktarsamninga við ÍBH og aðildarfélög ÍBH.

Greinargerð: Mat og greining á samningum íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði við Hafnarfjarðarbæ hefur nú staðið yfir í u.þ.b. fimm ár og hefur sú vinna skilað litlum framförum. Fjárstuðningur Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði er minni en fjárstuðningur nágrannasveitarfélaga við íþróttahreyfingar sinna sveitarfélaga. Með áframhaldandi óbreyttu ástandi verður íþróttahreyfingin í Hafnarfirði ekki lengur samkeppnishæf.

Pingskjal nr. 18**• Fjárhagsáætlun ÍBH**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug samþykkir fjárhagsáætlun ÍBH.

Fjárhagsáætlun ÍBH 2015 - 2016**Tekjur**

1. Húsaleigutekjur		536.000.000
2. Lottó		41.800.000
3. Styrkur til íþróttastarfs 16 ára og yngri		
3.a. Hafnarfjarðarbær		18.000.000
3.b. Alcan		18.000.000
4. Aðrar tekjur		
4.1. Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	6.000.000	
4.2. Rekstrarstyrkur	16.000.000	
4.3. Íslenskar getraunir	3.500.000	
4.4. Ýmsir styrkir vegna sérverkefna	600.000	
4.5. Útseldir tímar	2.000.000	
4.6. Verkefnatekjur	1.500.000	
4.7. Vaxtatekjur	1.500.000	
		31.100.000
	Tekjur samtals	644.900.000

Gjöld

1. Húsaleiga		536.000.000
2. Lottó		38.000.000
3. Styrkur til starfs 16 ára og yngri		
3.a. Hafnarfjarðarbær		18.000.000
3.b. Alcan		18.000.000
4. Önnur gjöld		
4.1. Afreksmannasjóður	1.700.000	
4.2. Afmælisgjafir	1.600.000	
4.3. Skrifstofukostnaður	1.600.000	
4.4. Laun, launatengd gjöld, akstur	20.000.000	

4.5. Skrifstofuáhöld	400.000
4.6. Fundir og ráðstefnur	800.000
4.7. Ársþing ÍBH / 70 ára afmæli	1.600.000
4.8. Aðk.akstur, sími ofl og aðkeypt vinna	3.000.000
4.9. Endurskoðun bókhalds	600.000
4.10. Sérverkefni	4.400.000
4.11. Ófyrirséð	500.000
	36.200.000

Gjöld samtals	646.200.000
----------------------	--------------------

Tekjuafgangur	-1.300.000
----------------------	-------------------

Þingskjal 3

- **Tillaga SÍH um forgangsröðun**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug hvetur Hafnarfjarðarbæ að ganga strax til samninga við Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar varðandi samning um 90% þátttöku og eignarhlut samkvæmt kostnaðaráætlun, ásamt kostnaði vegna þess sem áður hefur verið framkvæmt á Iðavöllum án fjárhagslegrar aðkomu bæjarins.

Greinargerð um uppbyggingu SÍH á Iðavöllum:

Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar fagnar 50 ára afmæli sínu á þessu ári og stefnir að því að ljúka uppbyggingu á Iðavöllum samkvæmt deiliskipulagi og hafa lokið þeim fyrir fyrstu helgin í júlí þegar félagið heldur alþjóðlegt mót, SÍH open í 11. sinn. Þá mun félagið jafnframt fagna þessum merku tímamótum í sögu félagsins.

Uppbygging á Iðavöllum hófst árið 1997 og frá þeim tíma hefur svörtum malargryfjum verið breytt í iðagræna velli og skjólgóða skógarlundi þar sem lögð er ástundun á gróskumikið íþróttastarf.

Síðastliðin tvö ár hafa félagsmenn SÍH lagt mikla vinnu í að ljúka framkvæmdum samkvæmt deiliskipulagi fyrir þessi tímamót, mótað svæðið í endanlega mynd, lokið uppbyggingu mannvirkja, frágangi hljóð- og öryggismana ásamt viðamiklum gróðursetningum og gerð tjald- og bílastæða.

Fram að þessu hefur félagið unnið að þessum framkvæmdum algjörlega á eigin kostnað ásamt vinnuframlagi félagsmanna og velunnara.

Nú er fjárhagsleg geta félagsins á þrotum án þess að geta klárað framkvæmdir né fjárfest í viðeigandi tækjabúnaði.

Þingskjal 4

- **Tillaga Fimleikafélagið Björk um forgangsröðun**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að vinna áfram að endurnýjun íþrottaáhalda í íþróttamiðstöðinni Björk þannig að Fimleikafélagið Björk geti áfram boðið iðkendum sínum uppá bestu aðstöðu fyrir

æfingar og keppni. Kannað verði hvort hagkvæmast verði fyrir báða aðila að gera samning um fasta árlega upphæð sem nýtt yrði í endurnýjun íþróttáhalda hjá Björk.

Greinargerð:

Áhöld og búnaður í íþróttamiðstöðinni Björk þurfa að vera í stöðugri endurnýjun til að mæta kröfum á hverjum tíma. Til að mynda þá er komin ný kynslóð fimleikagólfa sem mikilvægt er að komist í notkun hjá Björk sem allra fyrst þar sem núverandi fimleikagólf er á mörkum þess að teljast öruggt til fimleikaiðkunnar. Lagt er til að gerður verður samningur við Björk um fasta upphæð á ári sem nýttur yrði í endurnýjun á áhöldum og búnaði.

Þingskjal 5

- **Ályktun um þakkir til stuðningsaðila íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug þakkar stuðningsaðilum íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði fyrir góðan stuðning við hina ýmsu þætti íþróttastarfsins og góða samvinnu. Ennfremur hvetur þingið fleiri stuðningsaðila til þess að leggja starfi íþróttafélaganna og ÍBH lið.

Þingskjal 6

- **Tillaga Hestamannafélagsins Sörla um forgangsöröðun**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug hvetur Hafnarfjarðarbæ til að hefja framkvæmdir við byggingu reiðhallar í samráði við Hestamannafélagið Sörla.

Greinargerð:


Árið 1994 var núverandi reiðskemman Sörla tekin í notkun en þá voru félagsmenn Sörla um 200 talsins. Núna rúmum 20 árum seinna eru félagsmenn tæplega 800. Það er því ljóst að Sörla nær ekki að fullnægja þörfum félagsmanna með viðburði, kennslu, námskeið og æfingartíma innanhúss, enda er langt í frá nægjanleg aðstaða fyrir starfsemi félagsins innan reiðhallar í dag.

Tillaga Sörla um byggingu reiðhallar hefur árum saman verið á forgangslista ÍBH. Nú er svo komið að með fjölgun félagsmanna og kröfum hestamanna um bætt aðstöðu, getur félagið ekki frestað öllu lengur framkvæmdum.

Hestamannafélagin á stór-Reykjavíkursvæðinu hafa bætt sína aðstöðu verulega á liðnum árum og verður Sörla að gera slíkt hið sama til að standast samkeppni og halda áfram í fararbroddi hestamennsku í þéttbýli.

Sigríður Sigþórsdóttir, arkitekt og Sörlafélagi hefur unnið að nýju deiliskipulagi fyrir athafnasvæði Sörla. Þar er m.a. gert ráð fyrir stækkun svæðisins, nýrri reiðhöll, félagshesthúsi og breyttu aðgengi. Sjá nánar mynd hér að neðan.

Samkvæmt starfskýrslum ÍSÍ fyrir árið 2013 eru hestaíþróttir þriðja fjölmennasta íþróttagreinin á eftir fótbolta og golfi. Því teljum við að nú sé kominn tími til að huga að bættri aðstöðu fyrir iðkendur í Hestamannafélaginu Sörla. Félagið vill einnig skoða þann valmöguleika hvort hentugra sé að reisa reiðhöllina sem flýti- eða einkaframkvæmd.



Pingskjal 7

- **Tillaga FH um forgangsröðun**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug ítrekar fyrri samþykktir Fimleikafélags Hafnarfjarðar frá þingum ÍBH (45., 46., 47. og 48. þingi) um þörf félagsins varðandi bættu aðstöðu til knattspyrnuíðkunar á svæði félagsins.

Greinargerð:

Ljóst er að aðstaða til knattspyrnuíðkunar yfir vetrarmánuði í Hafnarfirði er ófullnægjandi, og hefur reyndar versnað ár frá ári þrátt fyrir að iðkendur í knattspyrnu eru verulega fleiri en í öðrum íþróttagreinum. Gervigrasvöllurinn í Kaplakrika er nú á sínu 18. ári og langt í frá að vera boðlegur til æfinga og hvað þá keppni. Fimleikafélagið óskar eftir aðkomu Hafnarfjarðarbæjar til lausnar þessum vanda, hvort sem er með beinu fjárframlagi eða samningi sem gerir félaginu kleift að ráðast í byggingu yfirbyggðs knattspyrnuvallar. Fimleikafélag Hafnarfjarðar telur það skyldu bæjaryfirvalda að gæta jafnræðis varðandi aðstöðu til íþróttaiðkunar, þ.e. aðstaða til iðkunar hinna ýmsu íþróttagreina sé sambærileg.

Pingskjal 8

- **Tillaga DÍH um forgangsröðun**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug samþykkir umsókn DÍH um að vera áfram í forgangsröðun ÍBH varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja til að bæta æfinga- og félagsaðstöðu DÍH sbr. þarfagreiningu félagsins.

Pingskjal 9

- **Tillaga Knattspyrnufélagsins Hauka um forgangsröðun**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að leggja áherslu á frekari uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum.

Greinargerð:

Í því sambandi vísa Haukar til fyrri samantektar þar sem áhersla er lögð á nýjan íþróttasal við íþróttahúsið og byggingu knattspyrnuhúss og áhorfendaaðstöðu við knattspyrnuvöll félagsins. Jafnframt er vísað til samþykktar síðasta formannafundar ÍBH um forgangsröðun. Einnig er vísað til þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í nefnd um uppbyggingu á Ásvöllum, en nefndin er skipuð fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar og Hauka.

Þingskjal 10

- **Tillaga um endurnýjun áhalda og viðhald**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til framkvæmda á viðhaldi Ásvallalaugar og endurnýjunar áhalda í samráði við Sundfélag Hafnarfjarðar.

Greinargerð:

Framkvæmdarlisti frá Sundfélagi Hafnarfjarðar.

1. Nýjar brautalínur í lauginni - línurnar sem eru nú í lauginni eru farnar að morkna og brotna þannig að sundfólkið er farið að meiðast og skera sig á þeim - MJÖG BRÝNT.
2. Nýja rásþalla - Það er þörf á að skipta út rásþöllum og fá nýja gerð af rásþöllum til að laugin standist FINA reglur - MJÖG BRÝNT.
3. 150 - 200 stóla eða þalla fyrir keppendur - Það er ekki búið að klára sætafjöldann í lauginni samkvæmt samþykktum á lauginni. Félagið er enn að fá lánaða stóla út í bæ til að geta haldið mót/keppni í lauginni. Það er engan veginn boðlegt í nýju mannvirki að það sé ekki nóg af sætum og hvað þá að þurfa að sækja þá út í bæ.
4. Breyta eldhúsi í sal félagsins - Félagið á stærri eldhúsgræjur sem það vill koma fyrir í eldhúsi svo nýtingin á salnum verði betri.
5. Laga þarf fundarherbergi á efri hæð. Þegar sundlaugin var tekinn í notkun þá láku gluggar þannig að veggir skemmdust í fundarherberginu, það þarf að laga og mála þá.
6. Endurnýjun á stígatöflu.

Þingskjal 11

- **Tillaga Keilis um forgangsroðun**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug ítrekar fyrri samþykktir félagsins frá 48. þingi ÍBH um forgangsroðun verkefna á svæði félagsins og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til þess að hefja undirbúningsvinnu að uppbyggingu svæðis undir nýjan 36 holu golfvöll í Hafnarfirði.

Greinargerð:

Forgangsroðun verkefna Golfklúbbsins Keilis frá 2003 er eftirfarandi.

1. Breytingar á núverandi golfvelli.
2. Stækkun félagheimilis / golfskála Keilis.

Að öllum líkindum verður hafist handa við undirbúning breytinga á golfvellinum af hálfu Golfklúbbsins Keilis eins fljótt og því verður við komið.

Stækkun golfskálans hefur ekki verið tímasett nákvæmlega en mikil fjölgun félaga gerir það að verkum að framkvæmdum við stækkunina verður að hraða eins og kostur er. Í dag eru 1340 félagar í Golfklúbbum Keili og biðlisti. Í ljósi þessa vill stjórn Golfklúbbsins Keilis koma því á framfæri við 49. þing ÍBH að bæjaryfirvöldum hefur verið bent á nauðsyn þess að í nýju skipulagi, sem nú er verið að vinna að fyrir Hafnarfjörð sé gert ráð fyrir útivistarsvæði þar sem fyrir komist 36 holu golfvöllur hið minnsta, með félagsheimili (klúbbhúsi) ásamt fullkomnu æfingarsvæði.

Þingskjal 19

- **Tillaga Badmintonfélags Hafnarfjarðar um forgangsroðun**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug ítrekar fyrri samþykktir þinga ÍBH um að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði verði hvött til að byggja upp íþrótt- og

félagsaðstöðu fyrir Badmintonfélag Hafnarfjarðar í samráði við stjórn félagsins. Í því sambandi verði skoðað hvort skynsamlegt sé að skilgreina Íþróttahúsið við Strandgötu sem íþrotta- og félagsaðstöðu BH og aðlaga það þörfum félagsins. Ennfremur eru bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hvött til að hefjast handa við að skipuleggja og byggja 10 valla badmintonhús í Hafnarfirði.

Þingskjal 12

- **Tillaga um fræðslurád ÍBH**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug samþykkir að stofna fræðslurád ÍBH.

Greinargerð: Fræðslurád ÍBH myndi hafa það hlutverk að standa fyrir fræðslufundum fyrir, stjórnarfolk íþróttafélaga, þjálfara, forráðamenn og iðkendur varðandi, næringu, meiðslaforvarnir, hugræna / andlega þjálfun, leiðtoganámskeið og önnur málefni sem eiga erindi við íþróttahreyfinguna og eru í umræðunni í samfélaginu hverju sinni. Fræðslurád ÍBH mynda þrjár einstaklingar sem skipaðir eru af stjórn ÍBH. Fræðsluráðið skal stefna að aukinni fræðslu fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði.

Þingskjal 13

- **Tillaga um afreksráð ÍBH**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug samþykkir að stofna afreksráð ÍBH.

Greinargerð: Hlutverk afreksráðs ÍBH væri að stuðla að samvinnu aðildarfélaga ÍBH um þróun og framfarir afreksmanna íþróttagreina sem stundaðar eru í Hafnarfirði og fá fagaðila til samvinnu um ýmiskonar sérfræðivinnu til að stuðla að hámarksframförum iðkenda. Stjórn ÍBH, skipar fimm einstaklinga í afreksráð, sem vinnur náði með aðildarfélögum ÍBH.

Þingskjal 14

- **Tillaga um samstarf íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði við fræðslufyrirvöld**

49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug hvetur fræðslufyrirvöld í Hafnarfirði til aukinnar samvinnu við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði um sveigjanleika á mætingarskyldu í skóla vegna æfinga.

Greinargerð: Iðkendur í mörgum íþróttagreinum eru bytjaðir að æfa mikið strax á grunnskólaaldri. Þá eru einnig oft lengri æfingar- og keppnisferðir á skólatíma. Því er nauðsynlegt að hafa sveigjanleika í mætingarskyldu, til að styðja við íþróttalegar framfarir iðkenda. Iðkendur eru að sjálfsögðu skyldugir til að standast sömu kröfur og aðrir nemendur skólans.

49. þing ÍBH samþykkti að skipa millipinganefnd um forgangsstöðun í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði. Hana skipa, Kristbjörn Óli Guðmundsson, Samúel Guðmundsson, Viðar Halldórsson, Ingólfur Arnarson, Anders Már Þráinsson, Haukur J. Eiríksson, Ólafur Þór Ágústsson og Þórunn Ansnes.

Dingskjal 17

 • **Tillaga um fjáröflunarnefnd ÍBH**

Var vísað frá. Vísað til Afreksmannasjóðs ÍBH að afla fjár til þessara verkefna með stuðningi frá Hafnarfjarðarbæ.

10. Kjör formanns ÍBH. Fyrir þinginu lá tillaga um Hrafinkel Marinósson og var hann kosinn með dynjandi lófaklappi.

11. Þingforseti las upp tilnefningar aðildarfélaganna í stjórn ÍBH fyrir tímabilið 2015 – 2017.

Félag	Aðalmaður	Varamaður
Fimleikafélagið Björk	Ingvar Kristinsson	Guðjón Guðmundsson
Knattspyrnufélagið Haukar	Magnús Gunnarsson	Samúel Guðmundsson
Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Viðar Halldórsson	Benedikt Olgeirsson
Hestamannafélagið Sörli	Þórunn Ansnes Bjarnadóttir	Eggert Hjartarson
Íþróttafélag Hafnarfjarðar	Tilnefndi engann	
Golfklúbburinn Keilir	Bergsteinn Hjörleifsson	Ólafur Þór Ágústsson
Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar	Tilnefndi engann	
Golfklúbburinn Setberg	Þórarinn Sófusson	Högni Friðþjófsson
Kvartmíluklúbburinn	Sigurjón Andersen	Ingólfur Arnarson
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	Atli Már Sigurðsson	Áslaug Fjóla Magnúsdóttir
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	Erla Björg Hafsteinsdóttir	Hörður Þorsteinsson
Sundfélag Hafnarfjarðar	Karl Georg Klein	Stefán Kristófersson
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	Sigurður Gunnar Sigurðsson	Gunnar Hjálmarsson
Íþróttafélagið Fjörður	Ólafur Ragnarsson	Jón Viðar Ásmundsson
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	Anders Már Þráinsson	Sigurþór Jóhannesson
Hjólreiðafélagið Bjartur	Tilnefndi engann	
Siglingaklúbburinn Þytur	Ragnar Hilmarsson	Gunnar Geir Halldórsson
Lyftingafélag Hafnarfjarðar	Tilnefndi engann	

Fjögur félög tilnefndu ekki fulltrúa í stjórn ÍBH næstu tvö árin, það eru Íþróttafélag Hafnarfjarðar, Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar, Hjólreiðafélagið Bjartur og Lyftingafélag Hafnarfjarðar. Sex aðilar hverfa úr stjórn ÍBH Kristín Pétursdóttir SH eftir 4 ár, Stefán Kristófersson Firði eftir 4 ár, Gunnar Bjarnason AÍH eftir 2 ár, Ólafur Tryggvi Gíslason HFH eftir 2 ár, Arnar Geirsson Hjólreiðafélagið Bjartur eftir 2 ár og Anton Ingi Sigurðsson ÍH eftir 2 ár. Var þeim þakkað fyrir þeirra störf í þágu hafnfirskrar íþróttahreyfingar.

12. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH og tveggja til vara. Tillaga lá fyrir um Þór Gunnarsson aðalmann, Ingvar Viktorsson varamann, Guðmund Friðrik Sigurðsson aðalmann og Skúla Valtýsson varamann. Hlutu þeir kosningu með lófaklappi.
13. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing. Vísað til stjórnar. Íþróttþing ÍSÍ var helgina 17. – 18. apríl sl.
14. heiðranir. Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH, Bergsteinn Hjörleifsson gjaldkeri ÍBH, Viðari Halldórssyni ritara ÍBH og Kristín Pétursdóttir varaformaður ÍBH hengdu merki bandalagsins í einstaklinga sem skarað hafa fram úr í störfum fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði í að minnsta kosti áratug. Íþróttafélögin tilnefna fólk úr sínum röðum til stjórnar ÍBH.

Samþykktar heiðranir sem voru afhentar í móttöku og 70 ára afmælishófi ÍBH eftir 49. þingi ÍBH laugardaginn 25. apríl 2015.

Nafn	Félag	Merki	Störf
Kristbjörn Óli Guðmundsson	Sundfélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir formennsku og stjórnarstörf í SH.
Kristín Pétursdóttir	Sundfélag Hafnarfjarðar / ÍBH	Silfur	Fyrir formennsku og stjórnarstörf í SH og ÍBH.
Ingólfur Arnarsson	Kvartmíluklúbburinn	Silfur	Fyrir formennsku og stjórnarstörf í KK.
Ólafur Þórarinsson	Íþróttafélagið Fjörður	Silfur	Fyrir sundþjálfun hjá Firði.
Vilborg Matthíasdóttir	Íþróttafélagið Fjörður	Silfur	Fyrir formennsku og stjórnarstörf í Firði.
Kristinn Guðlaugsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir stjórnarstörf hjá FH.
Helgi Freyr Kristinsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir stjórnarstörf hjá FH.
Einar Þór Einarsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir þjálfun hjá FH.
Elísabet Ólafsdóttir	Fimleikafélag Hafnarfjarðar / ÍBH	Silfur	Fyrir þjálfun hjá FH. Framkvæmdastjóri ÍBH.
Súsanna Helgadóttir	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir stjórnarstörf, íþróttaiðkun og dómgæslu hjá FH.
Steinn Jóhannsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir stjórnarstörf, íþróttaiðkun og dómgæslu hjá FH.
Lóa Björk Hallsdóttir	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir stjórnarstörf og dómgæslu hjá FH.
Birna Björnsdóttir	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.



Björgvin Víkingsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.
Ólafur Guðmundsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir liðstjórarstarf í meistaraflokki karla hjá FH.
Lúðvík Arnarson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir stjórnarstörf og íþróttaiðkun hjá FH.
Steinar Stephensen	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir stjórnarstörf hjá FH.
Sigmundur Ástþórsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir störf og íþróttaiðkun hjá FH.
Birgir Jóhannsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir störf hjá FH.
Atli Guðnason	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.
Atli Viðar Björnsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.
Orrí Þórðarson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir þjálfun og íþróttaiðkun hjá FH.
Þórarinn B. Þórarinsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir þjálfun hjá FH.
Gunnlaugur Sveinsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir stjórnarstörf hjá FH.
Benedikt Olgeirsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir stjórnarstörf hjá FH.
Gústaf Ólafsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir stjórnarstörf hjá FH.
Kristján Arason	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir þjálfun og íþróttaiðkun hjá FH.
Sigursteinn Arndal	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir þjálfun og íþróttaiðkun hjá FH.
Ásgeir Gunnar Ásgeirsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.
Daði Lárusson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.
Freyr Bjarnason	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.
Guðmundur Sævarsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.
Davíð Þór Viðarsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.
Ólafur Páll Snorrason	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.
Jón Jónsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.
Bergsteinn Hjörleifsson	Golfklúbburinn Keilir / ÍBH	Silfur	Fyrir formennsku og stjórnarstörf hjá Keili og ÍBH.

Samúel Guðmundsson	Haukar	Silfur	Fyrir formennsku og stjórnarstörf hjá Haukum.
Þorvarður Tjörvi Ólafsson	Haukar	Silfur	Fyrir stjórnarstörf hjá Haukum.
Valdimar Óskarsson	Haukar	Silfur	Fyrir formennsku og stjórnarstörf hjá Haukum.
Sigurjón Bjarnason	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Aron Kristjánsson	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Eiríkur Sigurðsson	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Guðjón Sigurðsson	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Anton Magnússon	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Kristján Ó. Davíðsson	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Magnús Ingi Óskarsson	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Sturla Jónsson	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Henning Henningsson	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Gísli Guðlaugsson	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Ívar Ásgrímsson	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Pétur Ingvarsson	Haukar	Silfur	Fyrir störf hjá Haukum.
Guðlaugur Baldursson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Gull	Fyrir þjálfun og íþróttaiðkun hjá FH.
Björn Pétursson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Gull	Fyrir stjórnarstörf hjá FH.
Leifur Helgason	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Gull	Fyrir þjálfun, íþróttaiðkun og sjálfboðaliðastörf hjá FH.
Örn Magnússon	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Gull	Fyrir stjórnarstörf hjá FH.
Jóhannes Long	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Gull	Fyrir stjórnar- og sjálfboðaliðastörf hjá FH.
Jón Auðunn Jónsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Gull	Fyrir stjórnar- og sjálfboðaliðastörf hjá FH.
Guðjón Árnason	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Gull	Fyrir þjálfun, íþróttaiðkun og stjórnarstörf hjá FH.



Magnús Haraldsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Gull	Fyrir stjórnarstörf, tímatöku og dómgæslu hjá FH.
Trausti Sveinbjörnsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Gull	Fyrir íþróttaiðkun hjá FH.
Gunnar Svavarsson	ÍH / FH / ÍBH	Gull	Fyrir stjórnarstörf og uppbyggingu íþróttamannvirkja.
Valgerður Hróðmarsdóttir	Íþróttafélagið Fjörður	Gull	Fyrir þjálfun og umsjón bocciastarfs Fjarðar.
Þórhildur Sigurjónsdóttir	Íþróttafélagið Fjörður	Gull	Fyrir bocciastarf Fjarðar.
Ágúst Sindri Karlsson	Haukar / ÍBH	Gull	Fyrir formennsku hjá Haukum og stjórnarstörf hjá ÍBH.
Magnús Gunnarsson	Haukar / ÍBH	Gull	Fyrir störf hjá Haukum, uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði og stjórnarstörf hjá ÍBH.
Ingvar S. Jónsson	Haukar / ÍBH	Gull	Fyrir störf hjá Haukum og störf við íþróttamál í Hafnarfirði.
Ingvar Kristinsson	Haukar / Björk / ÍBH	Gull	Fyrir stjórnarstörf Björk og stjórnarstörf hjá ÍBH.
Jón Hauksson	Haukar	Gull	Fyrir störf hjá Haukum.

15. Önnur mál. Samúel Guðmundsson kvaddi sér hljóðs og færði ÍBH gjöf fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Hauka í tilefni af 70 ára afmæli bandalagsins. Ekki tóku fleiri til máls undir þessum lið.
16. Þingslit. Jón Þingforseti óskaði Hrafnkeli til hamingju með kosninguna og þakkaði jafnframt fyrir gott þing. Hrafnkell þakkaði fyrir traustið sem sér væri sýnt með kosningunni. Hann þakkaði starfsmönnum þingsins fyrir þeirra störf, svo og formönnum nefnda og að lokum hvatti hann þingfulltrúa og gesti til að mæta í móttöku Hafnarfjarðarbæjar og í 70 ára afmæli ÍBH í Hásölum, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju milli kl. 17 og 20.

Rio Tinto Alcan

*Stuðningsaðili barna- og unglíngastarfs
aðildarfélaganna ÍBH*